

Tilkynning til notenda – nýr öryggisgluggi við tengingu í Stólpa

Kæri notandi,

Microsoft hefur nýlega hert öryggiskröfur í **Remote Desktop (RDP)** tengingum. Af þeim sökum geta sumir notendur nú séð nýjan öryggisglugga þegar þeir tengjast Stólpa þjóninum.

Þessi gluggi er **eðlilegur og stafar af uppfærslu frá Microsoft**, ekki bilun hjá ykkur né hjá Stólpa. Hann birtist vegna þess að Windows vill staðfesta tenginguna áður en haldið er áfram.


Nánari upplýsingar frá Microsoft: [HÉR](#)

Þegar glugginn birtist – gerið þetta:

- Merkið við línurnar:
 - Printers / Prentarar**
 - Clipboard**
- Smellið svo á **Connect / Tengjast**

Af hverju haka við þessi atriði?

- Printers** – gerir ykkur kleift að prenta úr Stólpa á prentara hjá ykkur. Annars „sér“ Stólpi ekki prentara ykkar – og getur þá ekki prentað út.
- Clipboard** – gerir ykkur kleift að **copy/paste** texta og skjöl á milli eigin tölvu og Stólpa tengingarinnar.



Er þetta hættulegt?

Nei – ef þið eruð að tengjast venjulegu Stólpa netfangi eins og áður, þá er þetta örugg og eðlileg tenging. Microsoft er einfaldlega að sýna viðbótarviðvörðun eftir nýjar öryggisbreytingar.

Þarf ég að gera þetta í hvert skipti?

Í sumum tilvikum já, þar til við klárum nýjar stillingar á þjónustunni.

Unnið er að varanlegri lausn

Kerfisstjórar Stólpa vinna nú að því að uppfæra stillingar og öryggisvottanir þannig að þessi gluggi hætti að birtast hjá notendum.

Vantar aðstoð?

Ef eitthvað gengur ekki upp, hafið samband við okkur og við aðstoðum strax.
512-4400 eða stolpi@stolpi.is

Kveðja,

Stólpi þjónustudeild